

5. gr.

Iðnaðarráðherra skipar 5 menn í stjórn lagmetisiðjunnar til fjögurra ára í senn, og skulu eftirtaldir aðilar tilnefna menn í stjórnina: fjármálaráðuneytið, bæjarstjórn Siglufjarðar og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Starfsfólk verksmiðjunnar tilnefnir einn mann samkvæmt nánari reglum, sem ráðuneytið setur. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, og skal hann vera búsettur í Siglufirði. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

6. gr.

Ráðherra ákveður laun stjórnar og setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

7. gr.

Lagmetisiðjan greiðir aðstöðugjald og aðra skatta til Siglufjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, svo og lög nr. 60 24. maí 1947, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Iðnfyrirtækjum er heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn.

2. gr.

Veðréttur samkvæmt 1. gr. fellur niður í hinum veðsettu vörum, þegar veðsali selur þær eða afhendir grandlausum viðsemjanda til eignar. Sé viðsemjandi ekki grandlaus, ber hann ábyrgð á kröfu veðhafa, hafi viðsemjandinn greitt veðsala andvirði vörunnar, áður en veðrétturinn var niður fallinn.

Ákvæði þetta gildir ekki, þegar veðsali selur iðnfyrirtæki sitt ásamt hinum veðsettu vörum.

3. gr.

Ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 18/1887, 1. gr. laga nr. 65/1957 og 2. gr. laga nr. 87/1960 skulu gilda um veðrétt þennan, eftir því sem við á.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld af veðbréfum fyrir lánum þeim, sem um ræðir í 1. gr.

Við endursölu skulu skuldaskjöl, sem tryggð eru með veði samkvæmt 1. gr., undanþegin stimpilgjaldi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjavík.

Stofnaðilar sölustofnunarinnar eru íslenska ríkið og atvinnurekendur í niðursuðu- og niðurlagningariðnaði.

2. gr.

Hlutverk Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, svo og á rækju og öðrum skelfiski fyrir aðila stofnunarinnar, sé þess óskað. Í því skyni skal stofnunin meðal annars:

- a) annast sölu og dreifingarstarfsemi á áðurnefndum sjávarafurðum og skipuleggja markaðsleit og markaðsöflun erlendis með upplýsinga-, auglýsinga- og þjónustustarfsemi eins og nauðsynlegt telst og fjárhagsgeta leyfir hverju sinni;
- b) annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn;
- c) hafa í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með höndum gæðaeftirlit með framleiðslu þeirra aðila, sem þátttakendur eru í samtökunum, í þeim tilgangi að tryggja, að sem bezt sé vandað til framleiðslunnar og hún uppfylli staðlaðar kröfur;
- d) samræma framleiðslu verksmiðjanna eftir áætlaðri þörf og markaðshorfum hverju sinni;
- e) annast sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar eftir því, sem óskað er. Einnig skal stofnunin leitast við að tryggja niðursuðuverksmiðjum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru og fullnægjandi hverju sinni. Í því skyni er stofnuninni heimilt að gerast eignaaðili í dósa- og umbúðaverksmiðju;